

58
3. des.

KONUNGS BRJEF

um

setning Alþingis.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vjer viljum hjermeð veita yður sem forsætisráðherra
Vorum umboð til þess í Voru nafni að setja Alþingi, er koma á saman til
reglulegs fundar föstudaginn 15. febrúar 1924.

Gefið á Amalíuborg, 3. desbr. 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sig. Eggerz.